

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsvíkurkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum Bæjarstjórnar Ólafsvíkurkaupstaðar eru hérmeð settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsvíkurkaupstað:

1. Ólafsbraut skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum, frá Fossá að gatnamótum Ennisbrautar, svo sem hér segir:
biðskylda á Rafveituvegi við Ólafsbraut,
biðskylda á Dalbraut við Ólafsbraut,
biðskylda á Klifbraut við Ólafsbraut,
biðskylda á Hafnargötu við Ólafsbraut hjá B.P.,
biðskylda á Skálholti við Ólafsbraut,
biðskylda á Grundarbraut við Ólafsbraut,
biðskylda á Hafnargötu við Ólafsbraut hjá Hótel Nesi,
biðskylda á Kirkjutúni við Ólafsbraut og
biðskylda á Norðurtanga við Ólafsbraut.
2. Ennisbraut skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum frá Ennisvegi vestan Bakka hf. að Ólafsbraut, svo sem hér segir:
biðskylda á innkeyrslu að Bakka hf. við Ennisbraut,
biðskylda á innkeyrslu að Enni hf. við Ennisbraut,
biðskylda á innkeyrslu að Bjargi hf. við Ennisbraut,
biðskylda á innkeyrslu að skemmu H.Ó. við Ennisbraut,
biðskylda á Ennishlíð við Ennisbraut,
biðskylda á Engihlíð við Ennisbraut,
biðskylda á Bæjartúni við Ennisbraut og
biðskylda á Hjarðartúni við Ennisbraut.
3. Umferð um Grundarbraut skal njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu við eftirtalin gatnamót:
Mýrarholt—Grundarbraut,
Brúarholt—Grundarbraut,
Lindarholt—Grundarbraut,
Borgarholt—Grundarbraut,
Sandholt—Grundarbraut,
Vallholt—Grundarbraut,
Engihlíð—Grundarbraut og
Skiopholt—Grundarbraut.
4. Umferð um Sandholt skal njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu við eftirtalin gatnamót:
Holtabrún—Sandholt,
Pverholt—Sandholt og
Skálholt—Sandholt.
5. Einstefnuakstur verði um eftirtaldar götur:
 - a) Sandholt til vesturs og
 - b) Brautarholt til austurs frá Grundarbraut að Pverholti.
6. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar svo sem hér segir á eftirtöldum götum:
 - a) Grundarbraut, beggja megin götunnar, frá Ólafsbraut að Brautarholti,
 - b) Sandholti sunnanverðu frá Grundarbraut að Pverholti,
 - c) Brautarholti sunnanverðu frá Grundarbraut að Pverholti og
 - d) Ennisbraut sunnanverðri frá Ólafsbraut að Bæjartúni.

7. Merktar gangbrautir skulu vera á eftirtöldum stöðum:

- a) Ennisbraut við Grunnskóla,
- b) Bæjartúni við Ennisbraut,
- c) Hjarðartúni við Ennisbraut,
- d) Ólafsbraut við Ennisbraut,
- e) Norðurtanga við Ólafsbraut,
- f) Bæjartúni við Kirkjutún,
- g) Hjarðartúni við Kirkjutún,
- h) Kirkjutúni við göngubrú yfir Gil,
- i) Grundarbraut við Ólafsbraut,
- j) Ólafsbraut móts við Hótel Nes og
- k) Grundarbraut móts við Verslunina Hvamm.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ólafsvíkurkaupstaðar og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Ólafsvíkurkaupstað, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Ólafsvík, 9. júlí 1984.

Jóhannes Árnason.

AUGLÝSING

um bann við upprekstri hrossa á Auðkúluheiði í A.-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur skv. heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Auðkúluheiði í Austur-Húnavatnssýslu, þ. e. sameiginlegan afrétt Torfalækjarhrepps, Blönduóshrepps og Svínavatnshrepps. Bann þetta tekur til svæðis, sem afmarkast af Blöndu að austan, að norðan af afréttargirðingu, sem liggur frá Blöndu sunnan Eidsstaða í Vatnsdalsá, að vestan af afréttarmörkum Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar og sauðfjárveikivarnagirðingu á Kili að sunnan.

Bannið gildir frá og með 15. júlí n.k. og til ársloka 1984.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 42. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1984.

Jón Helgason.

Tryggvi Gunnarsson.